

■ MYNDLIST

Skoðar bröltið í sjálfum sér

Í kvöld verður opnuð í Ásmundarsafni við Sigtún önnur sýningin af þremur í sýningaröðinni Pírámíðar.

Erling Klingenberg sýnir þar myndband og skúlptúra inni í safninu. Fyrir utan safnið stendur svo sendibíll, sem segja má að sé hluti af sýningunni.

„Myndbandið fer fram í þessum sendibíll. Þar sést ég, það er listamaðurinn, vera að kastast til og brölta eitthvað aftan í bílnum á fleygiferð.“

Hann er líka með eins konar gosbrunn á vegg, sem notaður verður á opnun sýningarinnar í kvöld til þess að veita vini í opnargesti.

„Þetta er gríma sem er afsteypa af mér. Opnunarvinið kemur út úr

þessari grímu þannig að fólk er í rauninni að drekka út úr mér í boði Listasafns Reykjavíkur.“

Erling hefur allt frá námsárum sínum unnið á húnórískan og gagnrýnin hátt með ímynd listamannsins.

„Ég er hreint ekki á neinu egótrippi heldur nota ég sjálfan mig í eins konar sjálfsskoðun í þágu heildarinnar. Ég er þá að skoða umhverfi listamannsins og hvaða væntingar eru gerðar til hans.“

Sýning Erlings er sem fyrr segir önnur í röðinni af þremur, sem sett er upp í Pírámíðunum svonefndu í fremsta hluta safnsins, þar sem Ásmundur Sveinsson hafði vinnustofu sína. Fyrst í röðinni var sýning Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, en að sýningu

Erlings lokinni tekur Guðný Guðmundsdóttir við.

„Þetta er yngri kynslóð en var í fyrra að sýna í Kúlunni,“ segir Hekla Dögg Jónsdóttir, sem er sýningarstjóri pírámíðasýninganna þriggja.

„Ég valdi fólk sem hefur unnið mjög vel og þétt að sinni myndlist, en er samt hálfvert huldúfólk. Ég er ekki viss um að fólk viti mikið um þau.“

Hekla Dögg segist jafnframt hafa valið myndlistarfólk sem hefur verið erlendis í námi á ólíkum stöðum og kemur því með ýmsa strauma með sér.

Sýning Erlings stendur til 28. mars og er opin alla daga kl. 13–16.



SOULSVEITIN STRAUMAR OG STEFÁN
Tónlistarmennirnir Jón Ólafsson og Stefán Hilmarsson verða gjörsamlega á útopnu með átta manna soulsveit sinni á Nasa í kvöld.



ERLING OG HEKLA
Erling sýnir innsetningu í Ásmundarsafni við Sigtún í kvöld.

■ TÓNLIST

Rokka þungt í kvöld

Þeir spila víkingametall eins og þeir kalla það,“ segir Þorsteinn Kolbeinsson um sænsku þungarokksveitina Amon Amarth, sem spilar á Grand Rokk í kvöld og úti á Granda annað kvöld. Og hvað skyldi svo víkingametall vera?

„Þetta vísar aðallega í yrkisefnið, innihaldið í textagerðinni. Þeir syngja mikið um norræna goðafræði. Nafnið á hljómsveitinni er til dæmis annað heiti á fjallinu ógurlega í Hringadróttins sögu.“

Sviarnir hafa meðal annars gert lag um kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar Hrafnin flýgur, sem þeir nefna „As long as the raven flies“ og endar á stefinu úr

myndinni, Á Sprengisandi.

„Þeir hafa verið starfandi síðan 1992,“ segir Þorsteinn, sem flytur hljómsveitina inn. „Ég heyrði í þeim fyrir tveimur eða þremur árum. Þeir eru að koma hingað með halarófu af blaðamönnum á eftir sér frá sex bestu þungarokkstímaritunum í Evrópu.“

Tónleikarnir á Grand Rokk hefjast 22 í kvöld og aldurstakmarkið þar er 20 ár. Brain Police, Changer og Múspell sjá um upphitun. Annað kvöld er hins vegar ekkert aldurstakmark á tónleikum í Tónlistarþóunarmiðstöðinni úti á Granda, sem hefjast klukkan 19. Þar hita Anslát, Dark Harvest og Sólstafir upp. ■



AMON AMARTH
Sænska þungarokksveitin Amon Amarth spilar á Grand Rokk í kvöld ásamt Brain Police, Changer og Múspell.

Fermingardagurinn minn

Gestabók, myndaalbúm og fyrir skeyti

FÆST Í ÖLLUM HELSTU BÓKAVERSLUNUM LANDSINS

FRAMLEITT AF MÚLALUNDI
- VINNUSTOFU SÍBS

MÚLALUNDUR

LEIKFÉLAG AKUREYRAR SÝNIR

Draumalandið

e. Ingibjörgu Hjartardóttur
í leikstjórn Þorsteins Bachmann

FRUMSÝNING 6. MARS

Miðasala 462 1400.

Glæpasaga úr samtímanum sem þú mátt ekki missa af!

Leikarar:
Hildigunnur Þráinsdóttir,
Saga Jónsdóttir, Skúli Gautason og Þráinn Karlsson